

# Ársskýrsla 2010



Hagstofa Íslands

# Efnisyfirlit

Frá hagstofustjóra	3–5
Skýrsla yfirstjórnar	6–11
Fjármál og rekstur	12–13
Samstarf við notendur	14–15
Starfsmannamál	16–17
Tölfræði um tölfræði	18–22
Afnot af gögnum	23
Verkferli hagskýrslugerðar	24–25
Lög ESB um hagskýrslur	26–27
Skipurit	28–29
Útgáfur 2010	30–31

## Útgefandi

Hagstofa Íslands  
Borgartúni 21a  
150 Reykjavík

Sími: 528 1000  
Netfang: [upplýsingar@hagstofa.is](mailto:upplýsingar@hagstofa.is)  
Veffang: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

## Ábyrgðarmaður

Ólafur Hjálmarsson

## Hönnun og umbrot

Hagstofa Íslands/Brynjólfur Ólason

## Ljósmyndir

Birgir Ísleifur Gunnarsson, Daniel Snær Ragnarsson,  
Heiðrún Sigurðardóttir, iStockphoto, Myndabanki ESB,  
Snorri Gunnarsson, Þorvaldur Örn Kristmundsson.

## Forsíðumyndin

Þátttakendur á Norræna tölfræðingamótinu sem fram fór í  
Kaupmannahöfn 11.–14. ágúst 2010. Myndin er tekin í Nýhöfn.

## Prentun

Oddi ehf.

# Frá hagstofustjóra

ÁRIÐ 2010 var að mörgu leyti ár umbreytinga hjá Hagstofunni. Leita þurfti nýrra leiða vegna krafna um 10% sparnað í rekstri á sama tíma og auknar kröfur voru um skil hagtalna.

## ÍSLAND OG EVRÓPUSAMBANDIÐ

Áfram var unnið að umsókn Íslands að Evrópusambandinu. Mikilvægur áfangi í þeirri vinnu var rýni á reglugerðum um hagskýrslugerð og skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um framvindu hagskýrslugerðar og forgangsröðun verkefna. Mat framkvæmdastjórnarinnar á umsókn Íslands að Evrópusambandinu var birt í febrúar 2010, en þar kemur meðal annars fram að Ísland þarf að grípa til markvissra aðgerða í hagskýrslugerð til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru í lögum sambandsins. Hagskýrslugerð er hluti af EES-samningnum og hefur Hagstofan tekið þátt í evrópska hagskýrslusamstarfinu frá gildistöku samningsins 1994. Flestar reglugerðir Evrópusambandsins um hagskýrslugerð eru hluti af EES-samningnum og eru þegar skuldbundnar hér á landi. Þrátt fyrir skuldbindingar hefur ekki tekist að framkvæma nema um 60–70% af þeim kvöðum sem Ísland hefur undirgengist. Helstu markmiðin í hagskýrslugerð eru því að standa skil á hagskýrslum í samræmi við EES-samninginn, en aðeins lítill hluti eru nýjar kvaðir ef að inngöngu verður.

## SÓTT UM STYRKI TIL HAGSKÝRSLUGERÐAR

Reglugerðir hafa ekki komist til framkvæmda vegna þess að ekki hafa fengist fjárveitingar. Svo virðist sem stjórnvöld líti öðrum augum á skuldbindingar EES-samningsins í hagskýrslugerð en aðrar samningsbundnar eða lagalegar alþjóðlegar skuldbindingar. Þá hafa mjög erfiðar aðstæður í ríkisfjármálum leitt til þess að ekki hefur

miðað sem skyldi við að uppfylla kvaðirnar, hvað þá að fjármagna kostnað við nýjar reglugerðir. Skýrslur framkvæmdastjórnarinnar og rýni reglugerða hafa dregið fram á hvaða sviðum úrbætur eru nauðsynlegastar. Hefur Hagstofa Íslands sótt um styrki frá Evrópusambandinu til að leysa brýnustu verkefni, svo sem gerð manntals, landbúnaðartölfræði og eflingu þjóðhagsreikninga. Þá er áformað að sækja um styrki til að framleiða hagtölur um fyrirtæki, en það er eitt mikilvægasta verkefni hagskýrslugerðar á Íslandi. Styrkirnir eru tímabundnir og þarf að tryggja fjármögnun verkefnanna til frambúðar.

## HAGTÖLUR FRAMLEIDDAR Á HAGKVÆMAN HÁTT

Framleiðsla hagtalna í litlum ríkjum á borð við Ísland er hlutfallslega mun dýrari en í stærri ríkjum. Stafar það meðal annars af því að úrtök eru hlutfallslega stærri og sömu kröfur eru gerðar um skil upplýsinga og um gæði þeirra óháð stærð ríkja. Undanþágur frá alþjóðlegum kröfum og reglugerðum eru fremur fáar og markast einkum af landfræðilegri sérstöðu eða því að velta minni hagkerfa er aðeins lítill hluti af veltu Evrópusambandsins og EFTA í heild. Öll áhersla er því lögð á að framleiða hagtölur á hagkvæman hátt. Lykillinn að því er að nýta upplýsingatækni eins og kostur er og upplýsingar úr stjórnvaldskrám, svo sem skattskrá. Í lögum um Hagstofu Íslands eru sambærileg ákvæði og í lögum annarra norrænna ríkja sem gefa heimild til að nýta stjórnvaldskrár til hagskýrslugerðar. Þá er kveðið á í lögnum um að haft skuli samráð við Hagstofuna við gerð eða endurnýjun opinberra skráa til að þær nýtist sem best til hagskýrslugerðar. ►

**Ísland þarf að grípa til markvissra aðgerða í hagskýrslugerð til að mæta alþjóðlegum kröfum**

**Svo virðist sem stjórnvöld líti öðrum augum á skuldbindingar EES-samningsins í hagskýrslugerð en aðrar laga-  
legar alþjóðlegar skuldbindingar**

**AUKIN KRAFA UM GÆÐI**

Vaxandi þungi hefur verið í umræðum á alþjóðavettvangi um gæði opinberra hagskýrslna. Umræðan fylgdi í kjölfar þess að misvísandi tölur birtust um afkomu og skuldir hins opinbera í tilteknum Evrópuríkjum fyrir og eftir fjármálakreppuna. Á alþjóðavettvangi hefur umræðan leitt til að fram hafa komið kröfur um aukin gæði opinberra hagskýrslna, nýjar hagtölur og aukna tíðni birtingar. Hagstofur standa því frammi fyrir miklum áskorunum þar sem kröfur eru um aukið magn hagtalna og meiri gæði á sama tíma og framlög til hagskýrslugerðar eru skert. Hafa hagstofur brugðist við með því að hagræða eftir mætti og kallað eftir breyttri forgangsriðun við gerð verk-efna. Lögð hefur verið áhersla á að ekki verði samþykktar nýjar reglugerðir um

hagskýrslur án þess að dregið verði úr umsvifum á öðrum sviðum hagskýrslugerðar. Mjög mikil tregða hefur verið við að draga úr framleiðslu á hagskýrslum en vaxandi þrýstingur er frá notendum um auknar upplýsingar. Kröfurnar koma fram í nýjum reglugerðum sem eru skuldbinda EES-ríkin.

**STEFNUMÓTUN**

Unnið var með starfsmönnum að stefnumótun fyrir Hagstofuna. Ráðgjafi var fenginn til að leiða stefnumótunarvinnuna og til að ráðleggja við endurskoðun verkferla. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki árið 2011. Hefur gagnlegum upplýsingum vegna starfseminnar verið safnað í þeirri vinnu og er efnið nýtt til að setja markmið fyrir næstu ár.



Meðal annars var haldinn fjölmennur fundur með notendum hagtalna og fengust frá þeim góðar ábendingar og sjónarmið um hagskýrslugerð.

### HAGRÆTT Í REKSTRI

Margt ávannst í starfi Hagstofunnar árið 2010 og tókst að hagræða í rekstri og lækka útgjöld án þess að það hefði veruleg áhrif á útgáfu hagtalna. Forgangsroðun verkefna hefur þó óhjákvæmilega leitt til eitthvað minni þjónustu svo sem í styttri opnunartíma og minni framleiðslu á afmörkuðum sviðum.

### NÝ VERKEFNI

Ný verkefni á árinu eru helst að í júní 2010 birti Hagstofa Íslands í fyrsta sinn þjóðhagsspá í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Verkefnið er fjármagnað með fjárveitingu frá fjármálaráðuneytinu í kjölfar umfangsmikilla breytinga á verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands. Hagstofan tók þátt í Norræna tölfræðingamótinu í Kaupmannahöfn og fluttu sérfræðingar Hagstofunnar þar erindi um ýmis úrlausnarefni hagskýrslugerðar. Alþjóðadagur hagtalna var haldinn í október og birt var endurnýjuð útgáfa af Landshögum, árbók Hagstofunnar. Birt var ný rannsókn á launamun kvenna og karla sem unnin var í samvinnu aðila vinnumarkaðarins og hliðarreikningar í ferðaþjónustu sem voru styrktir af iðnaðarráðuneytinu. Þjónusta við notendur var aukin á vefnum og dregið úr prentun Hagtíðinda. Nánari grein er gerð fyrir helstu nýjum verkefnum á árinu 2010 í skýrslu yfirstjórnar á bls. 6–11.

### FRÉTTUM HAGSTOFU FJÖLGAR

Auk þess sem ávannst árið 2010 birtir Hagstofan fjölda fréttu með hagtölum sem hafa verið birtar reglulega á undanförunum árum og áratugum. Til marks um

starfsemina fjölgaði útgefnum fréttum um tæp 13% frá fyrra ári. Alls voru birtar 262 íslenskar fréttir og 253 enskar fréttir á síðasta ári. Hefur það tekist vegna þess að starfsmenn Hagstofunnar hafa bætt á sig auknum verkefnum og náð að koma fram með nýjungar þó að ársverkum hafi fækkað. Er starfsmönnum þökkun góð og traust vinnubrögð, en án sérfræðipækkingar þeirra og staðfestu hefði verið ómögulegt að ná þessum árangri.

### SAMSTARF VIÐ HEIMILI OG FYRIRTÆKI

Gott samstarf við heimili og fyrirtæki er Hagstofunni mjög mikilvægt, án upplýsinga frá þeim væru hagtölur fábreyttar. Til að minnka svarbyrði er notast eins og kostur er við stjórnvaldskrár og rafræn skil upplýsinga. Eins og fram hefur komið er öflug notkun gagnagrunna og veflausna við öflun og miðlun hagtalna forsenda þess hægt sé að birta sambærilegar upplýsingar og gerist hjá stærri ríkjum. Samt sem áður þarf að leita til heimila og fyrirtækja með kannanir í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist með EES-samningnum. Þakkar Hagstofan velvilja fyrirtækja og einstaklinga við að svara fyrirspurnum og góðan skilning þeirra á gildi hagtalna.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir starfsemi Hagstofunnar árið 2010, helstu verkefnum og ráðstöfun fjármuna til hagskýrslugerðar. ■



Ólafur Hjálmarsson, hagstofustjóri

**Starfsmenn Hagstofunnar hafa bætt á sig auknum verkefnum og náð að koma fram með nýjungar þó að ársverkum hafi fækkað**

# Skýrsla yfirstjórnar

## Kröfur um aukin gæði leggja auknar skyldur á hagstofur

Í störfum sínum leggur Hagstofa Íslands áherslu á vönduð vinnubrögð og faglegt sjálfstæði. Mikilvægt er fyrir almenning, stjórnvöld og fjölmiðla að hagtölur séu unnar á vandaðan og hlutlausan hátt. Nokkur umræða hefur verið á alþjóðavettvangi um gæði og hlutleysi hagtalna í kjölfar ónákvæmra talna um afkomu hins opinbera og skuldastöðu ríkja í Evrópu við upphaf og í kjölfar fjármálakreppunnar. Hefur umræðan leitt til aukinna krafna um gæði og eftirlit með framleiðslu hagtalna og að hagtölur verði birtar fyrir. Ísland hefur verið aðili að samstarfi Evrópuríkjanna í hagskýrslugerð frá gildistöku EES-samningsins árið 1994. Hafa sendinefndir komið frá EUROSTAT og tekið út einstaka þætti hagskýrslugerðar hjá Hagstofunni, auk þess sem verklagsreglur í evrópskri hagskýrslugerð voru innleiddar hér á landi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda nr. 578/2006. Stendur nú yfir endurskoðun á verklagsreglunum á vegum framkvæmdastjórnarinnar og evrópska hagskýrslusamstarfsins. Er meðal annars lögð meiri áhersla á faglegt sjálfstæði hagstofa og á eftirlit EUROSTAT með framleiðslu hagtalna. Einnig hafa verið til umræðu hugmyndir um að gera hagstofur ábyrgar fyrir gæðum gagna sem sótt eru í stjórnvaldsskrár, til dæmis í bókhaldskerfi ríkis og sveitarfélaga. Hafa talsmenn hagstofa mótmælt hugmyndum um að þeim verði gert að vera einskonar endurskoðendur annarra opinberra aðila. Til þess eru aðrir bærir aðilar, svo sem ríkisendurskoðun og endurskoðendur sveitarfélaga. Hver sem niðurstaðan verður er ljóst að kröfur um aukin gæði leggja auknar skyldur á hagstofur og að auka verður gæða-eftirlit með framleiðslu hagtalna.

## STEFNUMÓTUN

Í samræmi við auknar kröfur um gæði og fagleg vinnubrögð stendur nú yfir vinna við stefnumótun Hagstofunnar og endurskoðun verkferla. Hefur ráðgjafa-fyrirtækið Stjórnhættir leitt verkefnið og tveir starfsmannahópar skilað skýrslum um stefnumörkun og verkferla. Leitað var til notenda og starfsmenn virkjaðir við stefnumörkunina og verkferlar annarra hagstofa og alþjóðastofnana í hagskýrslugerð skoðaðir. Hefur verið ákveðið að nota verkferlalíkan ásamt verkefnastjórnun við innleiðingu nýrra verkefna á Hagstofunni og við endurskoðun annarra verkefna. Um þetta er fjallað nánar á bls. 24–25.

## 29 YFIRSTJÓRNARFUNDIR

Í yfirstjórn Hagstofunnar eru auk hagstofustjóra Magnús S. Magnússon, staðgengill hagstofustjóra og skrifstofustjóri félagsmálasviðs, Hólmfríður Gísladóttir, fjármálastjóri, Hrafnhildur Arnkelsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu- og þróunar-sviðs og Rósmundur Guðnason, skrifstofustjóri efnahagssviðs. Auk þess situr Ólafur Arnar Þórðarson, starfsmannastjóri, fundi yfirstjórnar. Alls hélt yfirstjórn 29 fundi árið 2010.

## AÐILDARUMSÓKN AÐ ESB

Unnið var að umsókn Íslands að Evrópusambandinu. Mikilvægur hluti þeirrar vinnu var rýni á reglugerðum um hagskýrslugerð sem standa utan EES-samningsins og reglugerðum sem hefur ekki verið komið í framkvæmd enda þótt þær hafi verið innleiddar í samninginn. Í lok mars 2010 skilaði Hagstofan skýrslu þar um til utanríkisráðuneytisins. Í febrúar 2010 var birt mat framkvæmdastjórnarinnar á umsókn



Yfirstjórn Hagstofu Íslands. Frá vinstri: Ólafur Hjálmarsson, Hrafnhildur Arnkelsdóttir, Magnús S. Magnússon, Hólmfríður Gísladóttir, Rósmundur Guðnason og Ólafur Arnar Þórðarson.

Íslands að Evrópusambandinu. Í mati framkvæmdastjórnarinnar kemur meðal annars fram að Ísland þarf að grípa til markvissra aðgerða í hagskýrslugerð til að mæta kröfum sem gerðar eru í lögum sambandsins. Sendinefnd frá framkvæmdastjórninni skilaði framvinduskýrslu í júlí um stöðu hagskýrslugerðar. Var skýrslan til að fylgja eftir skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. desember 2009. Helsti tilgangurinn með skýrslunni var að fara yfir það sem hafði áunnist og meta næstu skref. Helstu forgangsverkefni samkvæmt skýrslunni er gerð manntals árið 2011, landbúnaðartölfræði, þjóðhagsreikningar og fyrirtækjatölfræði. Þessi verkefni voru sett í forgang, en auk þess þarf að leggja í talsverðar breytingar á öflun gagna um utanríkisverslun ef af inngöngu verður.

#### ÞJÓÐHAGSSPÁ

Í júní 2010 birti Hagstofa Íslands í fyrsta sinn þjóðhagsspá í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Breytingarnar voru hluti umfangsmikillar endurskoðunar á verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands haustið 2009. Þjóðhagsspáin var grundvöllur undir fjárlagagerð fyrir árið 2011 og var hún endurskoðuð um haustið fyrir afgreiðslu fjárlaga. Undirbúningur og flutningur verkefnisins til Hagstofunnar, sem og ákvörðun um útgáfudaga þjóðhagsspár var unninn í góðu samstarfi við efnahags- og viðskiptaráðuneytið og fjármálaráðuneytið. ►

**Í júní birti Hagstofa Íslands þjóðhagsspá í fyrsta sinn sem var grundvöllur undir fjárlagagerð fyrir árið 2011**



① 5.–6. maí: Fulltrúar tölfraeðiskrifstofu EFTA við Eurostat funduðu með starfsmönnum Hagstofunnar. ② 14. september: Fundur með utanríkisráðuneyti og efnahagsráðuneyti um umsóknarferlið að ESB og áhrifin á hagskýrslugerð. ③ 9.–10. mars: Sendinefnd frá Eurostat fundaði með Hagstofunni um utanríkisverslun.

## Hagstofan hefur tekið að sér launarannsóknir fyrir opinberan vinnumarkað

### ALÞJÓÐADAGUR HAGSKÝRSLUGERÐAR

Sameinuðu þjóðirnar samþykktu ályktun um að halda í fyrsta sinn alþjóðadag hagskýrslugerðar 20. október 2010 og tók Hagstofan þátt í honum. Greinar voru skrifaðar í dagblöð, auk þess sem efni var sent fjölmiðlum. Endurbætt útgáfa af Landshögum, árbók Hagstofunnar, var birt á degi hagskýrslugerðar og var helsta framlag Hagstofunnar í tilefni dagsins. Fjölmiðlar tóku upplýsingum Hagstofunnar mjög vel og voru undirtektir þeirra framar vonum. Þakkar Hagstofan þann velvilja og áhuga sem fjölmiðlar sýndu.

### NORRÆNA TÖLFRÆÐINGAMÓTIÐ

Þó að Hagstofan hafi dregið úr erlendu samstarfi tók hún virkan þátt í Norræna tölfraeðingamótinu sem haldið var í Kaupmannahöfn í ágúst 2010. Sérfræðingar Hagstofunnar fluttu erindi um ýmis málefni hagskýrslugerðar og ræddu samstarf við sérfræðinga annarra hagstofa á Norðurlöndum. Er samstarf hagstofa Norðurlanda mikilvægur þáttur í þróun og nýsköpun í hagskýrslugerð. Í kjölfar tölfraeðingamótsins var fundur hagstofustjóra Norðurlanda haldinn á Fjóni.

### NÝR GRUNNUR VÍSITÖLU BYGGINGARKOSTNAÐAR

Vísitala byggingarkostnaðar var birt á nýjum grunni hinn 21. janúar 2010 og liggur nýtt vísitöluhús til grundvallar, en einnig voru gerðar smávægilegar breytingar á samsetningu vísitöluunnar í samræmi við leiðbeiningar hagstofu Evrópusambandsins, EUROSTAT.

### HEIMSÓKNIR EUROSTAT

Í mars 2010 var haldinn fundur með EUROSTAT um málefni sem varða utanríkisverslun og farið yfir aðferðafræði og útreikninga. Í júní var haldinn fundur með fulltrúum frá EUROSTAT um tölfraeði um fiskveiðar þar sem sá málaflökkur var ræddur. Í júní kom sendinefnd frá EUROSTAT til umræðu um aðferðafræði þjóðhagsreikninga og var sú heimsókn í framhaldi af samsvarandi fundi árið 2009, en þar var farið yfir athugasemdir vegna skýrslu um aðferðafræði þjóðhagsreikninga frá árinu 2009.





④ 24.–25. júní: Hópur starfsmanna frá Hagstofu Úkraínu heimsótti Hagstofuna vegna verkefnis á vegum EFTA um endurbætur á gerð talna um utanríkisverslun Úkraínu. ⑤ Frá ársfundi Hagstofu, Kjararannsóknarnefndar og Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna 23. febrúar.

**HEIMSÓKN FRÁ TÖLFRÆÐI-SKRIFSTOFU EFTA**

Frá árinu 1991 hafa EFTA-ríkin rekið sameiginlega skrifstofu í húsakynnum Hagstofu Evrópusambandsins, EUROSTAT. Skrifstofan sér um samskiptin við EUROSTAT og veitir hagstofum EFTA mikilvæga þjónustu. Fulltrúar skrifstofunnar heimsóttu Hagstofu Íslands í maí og kynntu tölfræðisamstarf Evrópusambandsins fyrir starfsmönnum auk þess að kynna sér starfsemi Hagstofunnar með því að funda með einstökum deildum.

**TRÚNAÐARGAGNANEFND**

Á Hagstofunni starfar Trúnaðargagnanefnd sem fjallar um beiðnir sem einkum berast frá vísindafólki um aðgang að trúnaðargögnum vegna vísindarannsókna. Strangar reglur gilda um slíkt aðgengi að grunngögnum og er farið að verklagsreglum um meðferð trúnaðargagna frá 29. desember 2006 og lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, auk laga og reglna um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og verklagsreglur í evrópskri hagskýrslugerð. Alls bárust Trúnaðargagnanefnd 37 erindi 2010.

**ÁSKRIFTAKERFI AÐ FRÉTTUM**

Í janúar 2010 var tekið í notkun nýtt áskriftakerfi að fréttum Hagstofunnar sem gerði áskrifendum kleift að fá sendar fréttir og tilkynningar um uppfærslur á vef Hagstofunnar með tölvupósti um leið og þær eru gefnar út. Einnig var notendum gert kleift að skrá athugasemdir sínar við fréttir. Þá var prentun Hagtíðinda hætt á árinu og eingöngu prentuð eintök fyrir þá sem þess óska og þá tekin greiðsla fyrir kostnaði.

**HAGRÆÐING Í STARFSEMI**

Á árinu 2010 lækkuðu fjárveitingar til Hagstofunnar um 10%, eða 80 milljónir króna frá fyrra ári. Kom sá niðurskurður í kjölfar lækkunar fjárveitinga árið 2009. Starfshópur um sparnað lagði fram tillögur um lækkun útgjalda og tóku þátt í sameiginlegu sparnaðarátaki fjármálaráðuneytisins sem ráðgjafarfyrirtækið Capacent leiddi. Fækkaði starfsfólki á árinu og hefur þá fækkað um 10% frá árinu 2008. Í samræmi við tilmæli stjórnvalda var fækkuninni að mestu náð fram með því að ráða ekki í ný störf sem losnuðu og tilfærslu starfsmanna á milli verkefna. Laun starfsmanna voru lækkuð um 3–6% frá ársbyrjun 2010 og er litið ▶

**Á árinu 2010 lækkuðu fjárveitingar til Hagstofunnar um 10%**



①



②

① 23.–25. júní: Fulltrúar frá Eurostat komu til þess að fara yfir aðferðafræði við gerð þjóðhagsreikninga á Íslandi. ② 18. febrúar: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið kom í kynningu á Hagstofuna. Á myndinni sést Magnús H. Magnússon skrifstofustjóri spjalla við starfsfólk ráðuneytisins um Hagstofuna.

**Töldu flestir notendur að opinberar hagtölur væru traustar, áreiðanlegar og nákvæmar**

svo á að sú aðgerð sé tímabundin þar til sparnaðaraðgerðir, sem taka lengri tíma, hafa skilað árangri. Ferðum til útlanda var fækkað, auk þess sem útgjöld á flestum sviðum lækkuðu. Gerð var tilraun með að loka Hagstofunni tímabundið í júlí og mælast til þess að starfsmenn tækju sér frí á þeim tíma og spöruðust afleysingar við það. Þá var prentun Hagtíðinda hætt, eins og fyrr segir, og samningar um áskriftir endurskoðaðir, þríf endurskoðuð o.fl.

**NOTENDAKÖNNUN**

Í september 2010 voru niðurstöður notendakönnunar Hagstofu Íslands birtar. Töldu flestir notendur að opinberar hagtölur væru traustar, áreiðanlegar og nákvæmar. Fram kom að um 83% notenda sækja hagtölur á vef eða úr útgáfum Hagstofunnar og sögðu 97% að auðvelt væri að nálgast hagtölur á vefnum. Þá töldu 93% svarenda að hagtölur væru settar fram á auðskilinn hátt.



Tveir norrænir fundir um þjónustu- og vöruviðskipti við útlönd voru haldnir á Hagstofunni í september. Þjónustufundinn sóttu 19 þátttakendur frá Norðurlöndunum og fundinn um vöruviðskipti 21 þátttakandi frá Norðurlöndunum og Hollandi.

### NORRÆN FUNDUR UM ÞJÓNUSTU- OG VÖRUVIÐSKIPTI VIÐ ÚTLÖND

Norrænn fundur um þjónustu- og vöruviðskipti við útlönd var haldinn á Hagstofunni í september, en slíkir fundir eru haldnir með reglulegu millibili annað hvert ár. Þátttakendur á þjónustufundinum voru 19 frá Norðurlöndunum og á fundinum um vöruviðskiptin voru þátttakendur 21 frá Norðurlöndunum og Hollandi.

### AÐSTOÐ VIÐ ÚKRAÍNU

Utanríkisverslunardeild Hagstofunnar, Tollstjóri, Hagstofa Noregs og tölfræðiskrifstofa EFTA tóku þátt í verkefni að bæta tölfræði um utanríkisverslun í Úkraínu á árinu 2010.

### TAIEX-NÁMSFERÐIR

Hagstofa Íslands tók þátt í tveimur námsferðum í október á vegum TAIEX-aðstoðar Evrópusambandsins sem veitt er umsóknarríkjum. Önnur ferðin var til Svíþjóðar vegna gerðar fjármálareikninga en hin var farin til Danmerkur og Finnlands vegna undirbúnings á útreikningi framleiðsluverðsvísitölu fyrir þjónustu.

### ERLENT SAMSTARF

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum er alþjóðlegt samstarf í hagskýrslugerð mikilvægt. Samræming og stöðlun hagskýrslna er nauðsynlegt til að tryggja að niðurstöður séu sambærilegar á milli ríkja. Þá fer fram mikið starf við undirbúning reglugerða um hagskýrslur á vegum Evrópska hagskýrslusamstarfsins. Vegna minnkandi fjárveitinga hefur Hagstofan fækkað ferðadögum frá því sem var árið 2008 og hefur það eðlilega dregið úr möguleikum á því að hafa

áhrif á reglugerðir og afla mikilvægrar þekkingar. Í desember 2010 var undirritaður samningur við EUROSTAT sem styrkir Hagstofuna til að sækja fundi og fræðslunámskeið á vegum Evrópska hagskýrslusamstarfsins. Er samningurinn til tveggja ára og er greiddur kostnaður við ferðir og upphald vegna ferða sem tengjast hagskýrslusamstarfinu. Gerir samningurinn Hagstofunni kleift að auka þekkingu starfsmanna sinna á hagskýrslusamstarfinu með því að sækja námskeið og að hafa áhrif á og taka þátt í þróun nýrra reglugerða með því að sækja vinnufundi sérfræðinga. ■

### Hagstofan hefur fækkað ferðadögum um helming frá því sem var árið 2008



# Fjármál og rekstur

## Tekjur lækkuðu á milli ára um 38,2 milljónir króna

HEILDARTEKJUR Hagstofunnar árið 2010 voru 803,4 milljónir króna, þar af voru framlög úr ríkissjóði 711,6 milljónir króna og sértekjur 91,8 milljónir króna, eða 11,4%. Tekjur lækkuðu á milli ára um 38,2 milljónir króna enda þótt Hagstofan hafi tekið að sér nýtt verkefni, þjóðhagsspár og áætlanir, og fengið til þess 31,7 milljóna króna fjárveitingu. Lækkun tekna má eindregið rekja til ákvörðunar stjórnvalda um 10% lækkun framlaga og sértekna vegna aðhalds í ríkisfjármálum.

### SÉRTEKJUR


Af 91,8 milljóna króna sértekjum voru 49,8 milljónir vegna þjónustusamnings við Kjararannsóknarnefnd og 12,5 milljónir vegna þjónustusamnings við Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna. Seld sérfræðiþjónusta

nam 11,4 milljónum króna, styrkir frá erlendum aðilum 15,5 milljónum króna og sala hagskýrslna 1,2 milljónum króna. Loks voru vaxtatekjur 1,4 milljónir króna. Sértekjur lækkuðu um 10,3 milljónir frá fyrra ári, einkum vegna færri verkefna, auk þess sem tekjur af þjónustusamningum lækkuðu um 10% í samræmi við hagræðingarkröfu.


### REKSTRARGJÖLD

Heildargjöld árið 2010 námu 784 milljónum króna og hækkuðu um tæplega níu milljónir á milli ára. Gerð var 80 milljóna króna hagræðingarkrafa til Hagstofunnar en á móti hækkuðu útgjöld um 31,7 milljónir króna vegna nýrra verkefna, bæt看ur vegna hækkuunar tryggingagjalds námu 9,4 milljónum króna, og launa- og verðlagsbætur

### TEKJUR



### TEKJUR OG GJÖLD, MILLJÓNIR KRÓNA



fjárlaga voru samtals 5,9 milljónir króna. Eins og fram kemur í ársskýrslu fyrir árið 2009 var gripið til sparnaðar- aðgerða þegar á því ári og var um helmingi af sparnaðarkröfu ársins 2010 mætt árið 2009. Launakostnaður nam 596,3 milljónum króna og önnur rekstrargjöld voru 187,7 milljónir króna. Af öðrum rekstrargjöldum er húsnæðiskostnaður 83 milljónir króna og tölvu- og kerfisfræðipjónusta 8,2 milljónir króna.

**TEKJUAFGANGUR**

Heildarútgjöld ársins hækkuðu um 1% frá fyrra ári og voru tvær milljónir króna umfram fjárlög. Á móti kemur að sértekjur voru ríflega 20 milljónir króna umfram áætlun fjárlaga þannig að tekjuafgangur var 19,3 milljónir króna. Hluti af styrkjum sem tekjufærðir voru á árið

2009 komu til greiðslu árið 2010 og var gert ráð fyrir að útgjöld á því ári yrðu talsvert umfram fjárlög og að gengið yrði á ónýttar fjárheimildir frá fyrra ári. Sú varð ekki raunin þar sem áform um gerð manntals fór seinna af stað en ráðgert var vegna óvissu um fjármögnun verkefnisins. Nú hefur fjármögnun stórs hluta af kostnaði við manntalið verið tryggð með styrkjum frá Evrópusambandinu í tengslum við aðildarumsókn Íslands. Verður því gengið á eigið fé árið 2011 til að fjármagna það sem upp á vantar, eftir því sem vinnu við manntalið vindur fram.


Ný gjaldskrá vegna útseldrar þjónustu var gefin út á árinu og birt í Stjórnartíðindum 14. desember 2010. ■

**Helmingi af sparnaðarkröfu ársins 2010 var mætt 2009**

**REKSTRARREIKNINGUR**

Milljónir króna	2009	2010
<b>Tekjur</b>		
<b>Alls</b>	<b>841,6</b>	<b>803,4</b>
Framlag úr ríkissjóði	739,5	711,6
Sértekjur	102,1	91,8
<b>Gjöld</b>		
<b>Alls</b>	<b>775,2</b>	<b>784,1</b>
Laun	579,3	596,3
Ferðakostnaður, námskeið, fundir	22,4	26,8
Rekstur	13,6	12,5
Þjónusta	62,4	56,4
Verkkaup	3,1	1,6
Húsnæðiskostnaður	77,9	83,0
Eignakaup	16,5	7,4
Tekjuafgangur/halli	66,4	19,3

**GJÖLD**



# Samstarf við notendur

## Hagstofan fundaði með notendum í maí

NOKKRAR ráðgjafarnefndir og notendahópar starfa í tengslum við Hagstofu Íslands, ýmist samkvæmt lögum, samningum eða að ósk Hagstofunnar. Virkt samráð við notendur er í samræmi við verklagsreglur í hagskýrslugerð og lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007. Hagstofan kannar reglulega viðhorf notenda og birtingaráætlun tryggir jafnan aðgang notenda að hagtölum á fyrirfram ákveðnum dagsetningum.

### FUNDAÐ MEÐ NOTENDUM

Í maí var haldinn fundur með notendum vegna vinnu við stefnumörkun fyrir Hagstofuna. Var fundurinn vel sóttur og endurspeglaði breiðan hóp notenda. Tóku þeir þátt í fundinum með framsögum og varð lífleg umræða um hvernig Hagstofan getur bætt þjónustu sína. Verða niðurstöður og ábendingar notaðar til að móta stefnu Hagstofunnar um samstarf við notendur til að koma betur á mótis við þarfir þeirra í framtíðinni.

Eins og fram kemur í kafla yfirstjórnar að framan voru niðurstöður úr notendakönnun Hagstofunnar birtar í september 2010, en könnunin fór fram seinni hluta árs 2009. Helstu niðurstöður voru að notendur notuðu opinberar hagtölur helst til greiningar á langtímapróun fyrir mörkun stefnu, mikill meirihluti taldi auðvelt að finna hagtölur á vef Hagstofunnar og töldu flestir að þær væru settar fram á auðskilinn hátt. Ríflega einn af hverjum þremur taldi að Hagstofan þyrfti að birta frekari upplýsingar um leiðréttingar eða endurskoðun á opinberum hagtölum. Flestir töldu hagtölur traustar og áreiðanlegar.

### VÍSITALA NEYSLUVERÐS

Ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs starfar samkvæmt lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og skal hún

vera Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vísitölnnar og fylgjast með reglubundnum útreikningi hennar. Ráðgjafarnefndin hittist mánaðarlega á árinu 2010 í tengslum við birtingar á vísitölu neysluverðs.

### VERÐVÍSITÖLUR

Notendahópur um verðvísitölur hefur starfað frá árinu 2005 og er markmið hans að kynna það helsta sem fram fer á þessu sviði á Hagstofunni og fá frá notendum sjónarmið, ábendingar og gagnrýni. Notendahópurinn hittist einu sinni árið 2010 og meðal þess sem rætt var á fundinum var gerð húsnæðisvísitölu með svonefndri SPAR-aðferð þar sem borið er saman verð og fasteignamat íbúðarhúsnæðis. Verkefnið hefur verið unnið á Hagstofunni með stuðningi EUROSTAT.

### ÞJÓÐHAGSREIKNINGAR

Notendahópur um þjóðhagsreikninga hóf störf í ársbyrjun 2005 en markmiðið með starfi hópsins er að fá ábendingar frá notendum og ræða framsetningu á þjóðhagsreikningaefni sem birt er, ábendingar um efni sem notendum finnst helst vanta eða vera ofaukið og fleira. Hópurinn hittist einu sinni og var aðal-umræðuefnið um árstíðaleiðréttingar í ársfjórðungslegum þjóðhagsreikningum.

### KJARARANNSÓKNARNEFND

Tveir samstarfssamningar um launarrannsóknir og aðrar vinnumarkaðsrannsóknir eru í gildi. Annars vegar á milli Hagstofu Íslands og Kjararannsóknarnefndar (frá árinu 2004) og hins vegar á milli Hagstofu Íslands og Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna (frá árinu 2009). Árlega er haldinn sameiginlegur fundur þar sem farið er yfir samstarfið, auk þess sem sérstök

ráðgjafarnefnd sérfræðinga starfar með Hagstofunni í samræmi við samningana. Á árinu 2010 hefur verið nokkuð samstarf, en vinnuhópar hafa fjallað um ýmis mál um niðurstöður fyrir opinbera geirann í launaránnsókn Hagstofu Íslands. Hagstofan vann umfangsmiklar sérkeyrslur fyrir aðila vinnumarkaðarins á árinu 2010 en í samstarfssamningum er kveðið á um að hún annist sérkeyrslur úr launaránnsóknunum í aðdraganda og við gerð kjarasamninga.

#### BIRTINGARÁÆTLUN ENDURSKOÐUÐ

Hagstofan gerir birtingaráætlun heilt almanaksár (1. janúar til 31. desember) og gefur hana út í nóvember ár hvert. Á henni eru fastar dagsetningar fyrir verðtryggingarvísitölur, launavísitölu (þar með talda vísitölu greiðslujöfnunar), svo og hagtölur um landsframleiðslu, vinnumarkað og utanríkisverslun. Annað

efni en það sem að ofan greinir er fært á birtingaráætlunina í lotum en hver lota er tveir heilir almanaksmánuðir (núverandi og næsti). Í því felst að dagsetningar eru fullgildar tvo mánuði fram í tímann á birtingaráætluninni en aðrar dagsetningar geta tekið breytingum. Reynist óhjákvæmilegt að víkja frá fastri dagsetningu sem fellur undir lotu gefur Hagstofan út fréttatilkynningu um það. Hagstofan birtir öllum notendum sínum efni sitt samtímis kl. 9.00 að morgni. Notendur geta fengið sendar tilkynningar um nýjar fréttir með tölvupósti, auk þess sem skiptiborð Hagstofunnar, upplýsingaþjónusta eða tiltekið verkswið veitir upplýsingar frá kl. 9.00 birtingardaginn. Notendum var jafnframt kynntur sá kostur að gestast áskrifendur að fréttatilkynningum og fá þær sendar í tölvupósti. ■

#### Hagstofan birtir öllum notendum sínum efni sitt samtímis

Hagstofa Íslands fundaði með notendum 12. maí. Var fundurinn vel sóttur og endurspegladi breiðan hóp notenda. Tóku þeir þátt í fundinum með framsögum og varð líflæg umræða um hvernig Hagstofan getur bætt þjónustu sína.



# Starfsmannamál

## Sem fyrr var starfsmannavelta notuð til að fækka stöðugildum

FASTRÁÐNIR starfsmenn við Hagstofuna voru 81 í lok árs 2010 og skiludu þeir samtals 78 ársverkum. Ef frá eru talin þrjú ársverk rannsóknadeildar, sem flutt var til Hagstofunnar frá fjármálaráðuneytinu haustið 2009, jafngildir það 4,5% fækkun ársverka frá árinu áður. Frá árinu 2008 hefur ársverkum fastráðinna starfsmanna við hagskýrslugerð fækkað um tæplega 10%.

## MEÐALALDUR RÚM 44 ÁR

Meðalaldur starfsmanna var rúm 44 ár og höfðu þeir starfað að meðaltali rúmlega átta ár hjá stofnuninni. Nokkrar mannbreytingar voru á árinu. Átta starfsmenn hættu störfum og fimm nýir hófu störf. Sem fyrr var

starfsmannavelta notuð til að fækka stöðugildum og var störfum breytt og verkefni færð til þar sem það var talið unnt. Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu hjá Hagstofunni á árinu alls 76 lausráðnir spylrar sem unnu um sjö ársverk við innsöfnun gagna.


## STARFSMANNAFÉLAG

Starfsmannafélag Hagstofunnar hélt uppi öflugum starfi sem er mikilvægt til að halda uppi góðum starfsanda og gera vinnustaðinn betri. Árshátíð Hagstofunnar var haldin á Hótel Selfossi í apríl. Þótti hún heppnast vel og sýndu starfsmenn á sér óvæntar listrænar hliðar í indverskum dönsum og stuttmyndagerð. Aðrir viðburðir

FJÖLDI STARFSMANNA EFTIR STARFI OG KYNI



FJÖLDI STARFSMANNA EFTIR MENNTUN OG KYNI







① Lið Hagstofu Íslands í golfmóti stofnana Höfðaborgar í Borgartúni. Mótið fór fram á Akranesi í ágúst. Keppt var um ríkisbikarinn og komust tveir starfsmenn Hagstofunnar á verðlaunapall. ② Á aðventunni hélt starfsmannafélagið litlujólín fyrir börn starfsfólks, en það hefur félagið gert mörg undanfarin ár.

á vegum starfsmannafélagsins voru grímuball, jólaglögg, kræklingatínsla, auk þess sem hópur harðgerðustu starfsmanna skellti sér í sjóund í Nauthólsvík. Starfsmannafélagið tók einnig virkan þátt í alþjóðadegi hagtalna 20. október og stóð fyrir sérstökum fagnaði í tilefni sumarsins.

**FRÆÐSLUSTARF**

Haldin voru námskeið um eldvarnir, ritun fréttatilkynninga og gerð veftafna, en innra fræðslustarf var nokkuð minna en undanfarin ár. Talsverð aukning varð hinsvegar á kynningum á einstökum verkefnum og


áhugaverðum niðurstöðum úr birtingum Hagstofunnar, enda áhugaverðir tímar í hagskýrslugerð. 12 sérfræðingar Hagstofunnar sóttu Norræna tölfræðingamótið í Kaupmannahöfn í ágúst og fluttu sjö þeirra erindi á mótinu.

**STEFNUMÓTUNARVINNA**

Starfsmenn tóku jafnframt virkan þátt í stefnumótunarvinnu Hagstofunnar. Hinn 1. desember var Hagstofunni lokað og haldinn vinnudagur á Grand Hótel þar sem starfsmenn fengu tækifæri til að fjalla um og hafa áhrif á stefnumótunarvinnuna. ■

**Sérfræðingar Hagstofunnar tóku virkan þátt í Norræna tölfræðingamótinu í Kaupmannahöfn**

**MEÐALSTARFSALDUR EFTIR STARFI OG KYNI**



# Tölfræði um tölfræði

## Fyrirspurnir í gagnasöfn á vef hafa aukist gríðarlega síðustu ár

VEFUR Hagstofu Íslands gegnir veigamiklu hlutverki við miðlun á hagtölum og má þar finna mikið magn tölulegra upplýsinga um íslenskt þjóðfélag, hag einstaklinga, heimila og fyrirtækja. Notendur eru af öllum toga, en undanfarin ár og misseri hefur notkun á enskum hluta vefsins aukist verulega. Frá apríl 2003 hefur vefurinn verið í virkri vefmælingu hjá Modernusi, en mælingin hefur veitt mikilvægar upplýsingar um gesti, heimsóknir og notkun á vefnum. Þá hefur notendakönnun,


sem Hagstofan stendur fyrir á tveggja ára fresti, gagnast við þróun vefsins.

### 1400 TÖFLUR


Á vef Hagstofunnar eru mörg stór gagnasöfn sem notendur geta sótt sjálfir. Alls eru um 1400 töflur á íslenskum hluta vefsins og svipaður fjöldi í enska hlutanum. Fyrirspurnir í gagnasöfn á vef hafa aukist gríðarlega síðustu ár. Sérstaklega má nefna aukinn áhuga á upplýsingum um efnahagsmál í kjölfar efnahagshrunsins í október 2008.

### FJÖLDI GESTA Á VEF HAGSTOFUNNAR

Skv. samræmdri vefmælingu Modernusar



### FJÖLDI FRÉTTA





Húsnæði Hagstofu Íslands, Borgartúni 21a.


### 515 FRÉTTIR

Árið 2010 birti Hagstofa Íslands 515 fréttir á vefsvæði sínu, þar af voru 262 íslenskar og 253 enskar. Þetta er 13% fjölgun fréttanna frá árinu 2009. Hagstofan birtir frétt nærri hvern dag ársins.

### LANDSHAGIR OG HAGTÍÐINDI

Hagtóluárþing Hagstofunnar, Landshagir, kom út á árinu í tuttugasta sinn og bar útgáfuna upp á fyrsta alþjóðadegi hagtalna 20. október 2010. Í tilefni þess að 20 ár voru liðin frá útgáfu fyrstu Landshaga var útliti og framsetningu efnis breytt til þess að gera efnid aðgengilegra. Meðal annars ►

### Fréttum fjölgaði um 13% frá árinu 2009



## Til upplýsingaþjónustu berast að meðaltali rúmlega 400 fyrirspurnir mánaðarlega

er umfjöllun í upphafi hvers efniskafla þar sem niðurstöður eru teknar saman og lögð meiri áhersla á myndræna framsetningu en áður. Árið 2010 voru gefin út 77 Hagtíðindi sem er rúmlega 10% aukning frá fyrra ári, en hagskýrslur hafa verið gefnar út á núverandi sniði síðan 2004. Sjá má lista yfir útgáfurnar árið 2010 á bls. 30–31.

### TÖLFRÆÐIBÓKASAFN

Hagstofan hýsir tölfræðibókasafn sem er opið almenningi, hægt er að skoða gögn safnsins á staðnum, en þau eru ekki lánuð út nema í millisafnalánnum til annarra bókasafna. Starfsemi safnsins hefur verið með svipuðum hætti og fyrrí ár. Safnið hefur að geyma um 15 þúsund bindi og eru árlega um 500 ný rit skráð í safnið. Safnkosturinn byggist að mestu á ritaskiptum við aðrar tölfræðistofnanir.


### UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

Til upplýsingaþjónustu Hagstofunnar berast að meðaltali rúmlega 400 fyrirspurnir mánaðarlega en að auki berst mikill fjöldi fyrirspurna beint til sérfræðinga á tilteknu efnissviði.

### ALÞJÓÐADAGUR HAGTALNA

Að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna var alþjóðadagur hagtalna haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn 20. október 2010. Hagstofur og hagskýrsluaðilar um allan heim gerðu sér dagamun og voru kjörorð dagsins þjónusta, fagmennska og heilindi. Hagstofa Íslands tók virkan þátt í deginum. Landshagir voru gefnir út í tuttugasta skiptið þennan dag, teknar voru saman ýmsar tölfræðilegar staðreyndir um barnið sem fæddist 20. október 2010, birtar voru ýmsar athyglisverðar staðreyndir um íslenskt samfélag á vefnum og þá var settur í gang spurningaleikur á vefnum þar sem fólk gat spreytt sig á spurningum um hagtölur. Töluverð umfjöllun varð í fjölmiðlum um alþjóðadag hagtalna og um hagtölur. Á vef Hagstofunnar varð tvöföldun á síðuflettingum á vefnum þennan dag miðað við aðra daga.

MEÐALFJÖLDI FYRIRSPURNA TIL UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU ÁR HVERT




**ÚRTAKSRANNSÓKNIR  
OG STJÓRNSÝSLUSKRÁR**

Hagstofan framkvæmir umfangsmiklar úrtaksrannsóknir í spýrlaveri sínu. Vinnumarkaðsrannsókn er framkvæmd allt árið líkt og rannsókn á útgjöldum heimilanna. Í vinnumarkaðsrannsókn eru einstaklingar spurðir

um stöðu á vinnumarkaði og liggja svör til grundvallar hagtölugerð um vinnumarkaðsmál. Í rannsókn á útgjöldum heimilanna svara einstaklingar til um nákvæm útgjöld síns heimilis og liggja niðurstöður m.a. til grundvallar vísitölu neysluverðs. Árlega rannsakar Hagstofan lífskjör ►

**Árlega eru um 500 ný rit skráð í tölfræðibókasafn Hagstofunnar**

**MEDALFJÖLDI FYRIRSPURNA Í TÖFLUR Á MÁNUÐI**



## 24 þúsund manns tóku þátt í úrtaksrannsóknum Hagstofunnar árið 2010

í landinu með lífshjararannsókn sem gefur mikilvægar upplýsingar, m.a. um tekjudreifingu. Rannsókn á notkun einstaklinga og heimila á upplýsingatækni er einnig framkvæmd árlega en rannsóknin gefur ýtarlegar upplýsingar um notkun á internetinu. Heildarfjöldi þátttakenda í úrtaksrannsóknnum um hagi einstaklinga og heimila var tæplega 24 þúsund einstaklingar á síðasta ári og var svörun tæp 70%. Hagstofan stendur einnig að viðtækri


gagnasöfnun meðal fyrirtækja og sveitarfélaga, t.d. launarannsókn, rannsókn á notkun fyrirtækja á upplýsingatækni, gistiskýrslur, iðnaðarframleiðslu og þjónustuviðskipti við útlönd.

Til að draga úr svarbyrði einstaklinga og fyrirtækja leggur Hagstofan áherslu á að nota stjórnsýsluskrár til að afla gagna þar sem þess er kostur. ■



Nokkrir starfsmenn Hagstofu Íslands gera sér dagamun í veðurblíðunni í miðborginni.

## 20. 10. 2010 Alþjóðadagur hagtalna



Þjónusta • Fagmennska • Heilindi

Að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna var alþjóðadagur hagtalna haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn 20. október í fyrra. Hagstofur og hagskýrsluaðilar um allan heim gerðu sér dagamun og voru kjörorð dagsins þjónusta, fagmennska og heilindi. Hagstofa Íslands tók virkan þátt í deginum. Árbók stofnunarinnar, Landshaggr, var gefin út í tuttugasta sinn þennan dag í stórbættri mynd, teknar voru saman ýmsar tölfræðilegar staðreyndir um barnið sem fæddist 20. október 2010, birtar voru ýmsar athyglisverðar staðreyndir um íslenskt samfélag á vefnum og þá var settur í gang spurningaleikur á vefnum þar sem fólk gat spreytt sig á spurningum um hagtölur. Töluverð umfjöllun varð í fjölmiðlum um alþjóðadag hagtalna og um hagtölur. Á vef Hagstofunnar varð tvöföldun á síðuflettingum á vefnum þennan dag miðað við aðra daga. Sameinuðu þjóðirnar settu upp vefsíðu þar sem birtar voru fréttir um verkefnið, ljósmyndir og myndskleið:

→ <http://unstats.un.org/unsd/wsd/>

# Afnot af gögnum

TIL að tryggja jafnan aðgang að upplýsingum er gerð birtingaráætlun ár hvert og hún birt á vef Hagstofunnar þannig að notendum sé ljóst hvenær tiltekna upplýsingar verða aðgengilegar. Mikil áhersla er lögð á trúnað og fá aðilar utan Hagstofunnar almennt ekki aðgang að gögnum umfram það sem birt er almenningi og öllum er opið á vef Hagstofunnar. Jafnframt fá starfsmenn innan stofnunarinnar ekki aðgang að upplýsingunum nema þær séu nauðsynlegur hluti af verkefnum þeirra. Ef einhverjum er veittur aðgangur að upplýsingum áður en þær birtast er gerð grein fyrir því á vef Hagstofunnar.

## TRÚNAÐARGAGNANEFND

Á Hagstofunni starfar Trúnaðargagnanefnd sem fjallar um beiðnir sem einkum berast frá vísindafólki um aðgang að trúnaðargögnum vegna rannsóknarverkefna. Strangar reglur gilda um slíkt aðgengi og er í þeim efnum byggt á verklagsreglum um meðferð trúnaðargagna frá 29. desember 2006, lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands

og opinbera hagskýrslugerð, lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, lög og reglugerðir um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði (Vísindasiðanefnd), reglugerð þings og ráðs ESB nr. 223/2009 um evrópska hagskýrslugerð, trúnaðarupplýsingar o.fl., auk verklagsreglna í evrópskri hagskýrslugerð 24. febrúar 2005.

## 37 ERINDI

Árið 2010 tók Trúnaðargagnanefnd til umfjöllunar alls 37 erindi sem henni bárust (34 árið 2009). Langflest þeirra varða aðgengi rannsakenda að upplýsingum í dánarmeinaskrá Hagstofunnar vegna vísindarannsókna. Nefndin leggur áherslu á að fylgt sé settum verklagsreglum og að baki hverri rannsókn séu traustir bakhjarlar; að rannsóknir sem varða persónugreinanlegar upplýsingar séu tilkynntar Persónuvernd og Vísindasiðanefnd ef um viðkvæmar heilsufarsupplýsingar er að ræða. Samvinna við þessa aðila árið 2010 var með ágætum. ■

**Til að tryggja jafnan aðgang að upplýsingum er gerð birtingaráætlun ár hvert**



# Verkferli hagskýrslugerðar

## Helstu alþjóðastofnanir hafa komið sér upp verkferlalíkani fyrir hagskýrslugerð

Í tengslum við stefnumótunavinnu Hagstofunnar var settur á fót vinnuhópur sem fjallaði um verkferla. Hlutverk hópsins var að skoða verkferla í hagskýrslugerð með það að markmiði að auka gæði og hagkvæmni í framleiðslu hagtalna. Vinnuhópurinn skráði þau ferli á Hagstofunni sem saman mynda framleiðsluferli hagtalna, þ.e. hagskýrslugerð. Vinnuhópurinn kynnti sér vinnuferla hjá öðrum hagskýrslustofnunum, en fjöldi hagstofa um allan heim, þar á meðal hagstofa Evrópusambandsins, EUROSTAT, hefur á síðustu árum ráðist í slíka vinnu. Flestar hafa tekið upp formleg verkferlalíkön (e. Business Process Model) sem lýsa hagskýrslugerð og er vaxandi umræða um aukna samvinnu hagstofa um verkferli og þróun slíkra líkana. Vinnuhópnum til stuðnings starfaði ráðgjafafyrirtækið Stjórnhættir.

Helstu alþjóðastofnanir í hagskýrslugerð, þ.e. Sameinuðu þjóðirnar, EUROSTAT og OECD, lögðu í sameiginlega vinnu við þróun á verkferlalíkani fyrir hagskýrslugerð og varð niðurstaðan GSBPM-líkanið (e. Generic Statistical Business Process Model). Líkanið er hugsað sem grunnur sem hagstofur geta byggt á við sína vinnu. Norska hagstofan byggir verkferli sín á sömu

hugmyndum og byggði vinnuhópurinn að miklu leyti á líkani hennar.

Hér á eftir er verkferlalíkaninu lýst stuttlega en áformað er að laga það betur að starfsemi Hagstofu Íslands og nota það ásamt verkefnastjórnun við innleiðingu á nýjum verkefnum, svo sem nýjum reglugerðum um hagskýrslur og við endurskipulagningu verkefna.

### LÍKANID

Starfsemi hagskýrslugerðar er skipt í þrjá meginþætti samkvæmt líkaninu: Innra starf sem snýr að innviðum Hagstofunnar, gæðastjórnun og framleiðsluferli hagtalna. Á myndinni sem hér fylgir má sjá að framleiðslunni er skipt í sjö ferli. Fyrstu þrjú ferlin eru þróunarferli og fara fram við þróun og innleiðingu nýrra verkefna eða þegar gera þarf viðameiri breytingar á verkefnum. Ferli 4–7 eru vinnsluferlar sem ná yfir hina eiginlegu framleiðslu hagtalna. Hverju ferli er síðan skipt í nánari verkefni.

### INNLEIÐING OG ÞRÓUNARFERLAR

Fyrsti hlutinn fjallar um skilgreiningu á þörfum notenda fyrir hagskýrslur og felur í sér samráð við notendur og nánari athugun á því hvernig ná má saman hagtölum. Þar fer fram

Stoðdeilir og innra starf

Skilgreining  
þarfa 1

Hönnun  
og þróun 2

Smíði 3

Gagna-  
söfnun 4

Úrvinnsla 5

Greining 6

Miðlun 7

Mat 8

Gæðastjórnun



## Hvað er verkferli?

Verkferli er safn tengdra verka sem saman mynda skilgreint verkefni. Tilgangur verkferla er að lýsa vinnu við tiltekið afmarkað verk. Þannig fæst yfirsýn yfir viðfangsefni og undirverk sem gera þarf. Vel skipulögð verkferli eru því gagnleg tæki til að finna hvar hægt er að bæta starfsemi-  
na og til að læra af því sem vel er gert. Helstu kostir skipulagðra og skjalaðra verkferla eru:

- aukin skilvirkni,
- aukin framleiðni,
- minni áhætta,
- betri stjórn,
- betri skjölun og
- almennari og sveigjanlegri sérfræðipækning.

áætlanagerð, hönnun aðferðafræði og mat á upplýsingakerfum. Loks er ráðist í að smíða, prófa og aðlaga kerfi vegna framleiðslunnar. Í flestum tilvikum koma þarfir notenda fram í reglugerðum frá Evrópusambandinu, sem eru unnar eftir verkferlum, eða sem óskir frá innlendri stjórnsýslu sem kunna að vera lagðar fram sem lagafrumvörp eftir að greiningarvinnu er lokið.

### VINNSLUFERLAR

Seinni hlutinn felur í sér hina eiginlegu framleiðslu og hefst hann með gagnasöfnun þar sem úrtak er skilgreint og úr því skorið hvort unnt sé að notast við gögn sem fyrir eru, svo og stjórnvaldsskrár. Eftir að gagnasöfnun lýkur tekur úrvinnsla við, en hún felur í sér hreinsun og kóðun gagna, tilreikning vegna brottfalls o.fl. Þegar gögnin eru tilbúin fer eiginleg greining þeirra fram, gæðaprófun og hagtölur eru búna til. Þar fer fram lýsing og útskýring á hagtölum og undirbúningur fyrir miðlun. Að greiningu lokinni fer fram miðlun og frágangur á hagtölum í hagskýrslum og veftöflum. Þar fer einnig fram aðstoð við notendur og svarað er fyrirspurnum þeirra.

### FRAMTÍÐARSÝN

Nokkur umræða er um framleiðsluferla hagtalna á alþjóðavettvangi, einkum hjá stærri stofnunum þar sem hagskýrslur hafa verið unnar með svonefndu strompafyrirkomulagi. Í því felst að í stað sérhæfingar mótast vinnsluferli 4–7 af hverri hagskýrslugerð og eru sérsniðin að henni. Þau eru gjarnan endurtekin innan hvernar skipulagseiningar. Margar stofnanir vinna að umbreytingu framleiðsluferla með áherslu á almenna verkferla í stað sérsniðinna, en það kallar á aukna sérhæfingu og miðstýringu. Á Hagstofu Íslands fer miðlun fram á einum stað fyrir allar hagtölur, auk þess sem stór hluti gagnaöflunar á sér stað miðlægt. Þrátt fyrir þessa sérhæfingu er hægt að gera betur og skilgreina verkferli með skarpari hætti en nú er. Enn er nokkuð um að innsöfnun gagna sé dreifð og verður að skoða kosti þess og galla að færa söfnun á einn stað. Framtíðarsýn Hagstofunnar er að festa verkferlalíkanið í sessi, laga það að starfsemi og auka sérhæfingu. ■

### Framtíðarsýn Hagstofunnar er að festa verkferlalíkanið í sessi


# Lög ESB um hagskýrslur

**Frá gildistöku EES-samningsins hafa 344 lagagerðir sem varða hagskýrslugerð tekið gildi á grundvelli hans**

ÁRIÐ 2010 samþykkti þing og ráð Evrópusambandsins (ESB) eina hagskýrslugerð en framkvæmdastjórnin samþykkti það ár 25 gerðir, samtals 26 gerðir sem verða hluti EES-samningsins. „Gerðir“ er samheiti yfir tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir og tilmæli og aðrar reglur frá ESB. Frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) tók gildi í upphafi árs 1994 hafa verið teknar í Viðbæti XXI við samninginn alls 344 hagskýrslugerðir að meðtöldum þeim gerðum sem tóku gildi við upphaf hans. Taflan sem

hér fylgir sýnir yfirlit yfir þær hagskýrslugerðir Evrópusambandsins sem samþykktar voru árið 2010 og eru bindandi á Evrópska efnahagssvæðinu. Þegar gerðir ESB hafa verið samþykktar eru þær teknar upp í EES-samninginn. Gerðirnar eru annars vegar samþykktar af þingi og ráði ESB og hins vegar af framkvæmdastjórn ESB. Þær gerðir sem framkvæmdastjórn ESB samþykkir eru oftast nánari útfærsla á framkvæmd laga sem þingið og ráðið hefur samþykkt. ■

FJÖLDI ESB-GERÐA SEM TÓKU GILDI ÁR HVERT 1993–2010



Frá fundi ráðherraráðs Evrópusambandsins í Brussel.

**NÝJAR EES/ESB-GERÐIR Í HAGSKÝRSLUGERÐ ÁRIÐ 2010**

	Númer ESB-lagatexta	
<b>Almennt</b>		
Aðgangur að trúnaðargögnum vegna vísindalegra rannsókna. Upptalning á gagnasöfnum sem falla þar undir	520/2010	CR
<b>Efnahagsmál</b>		
Utanríkisverslun ESB-ríkja við ríki utan bandalagsins	92/2010	CR
Utanríkisverslun ESB-ríkja við ríki utan bandalagsins	113/2010	CR
Samræmd neysluverðsvísitala og vogir í henni	1114/2010	CR
Hagskýrslur um vöruflutninga og farþegaflutninga á sjó	1090/2010	PCR
Hagskýrslur um vöruflutninga og farþegaflutninga á sjó. Um birtingu hagtalna	202/2010	CR
Hagskýrslur um vöruflutninga og farþegaflutninga á sjó. Um skil á gögnum vegna hagskýrslugerðar	216/2010	CD
Fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar. Um meðferð trúnaðargagna í samskiptum við seðlabanka	1097/2010	CR
Hagtölur um upplýsingasamfélagið	821/2010	CR
Listi yfir framleiðsluvörur (PRODCOM) sem safna á fyrir viðmiðunarárið 2010	860/2010	CR
Listi yfir framleiðsluvörur 2009	163/2010	CR
Starfsemi fyrirtækja. Um gæðaviðmið í hagskýrslugerð	275/2010	CR
Greiðslujöfnuður. Kröfur um tímanleika gæðaskýrslna og sundurliðun í samræmi við grunnreglugerð	1227/2010	CR
Flokkunarkerfi varðandi atvinnugreinar og vörur vegna þjóðhagsreikninga	715/2010	CR
<b>Félagsmál</b>		
Hagtölur um menntun og símenntun	823/2010	CR
Hagtölur um símenntun í fyrirtækjum. Aðferðir og gæðaviðmið	822/2010	CR
Evrópska lífskjararannsóknin. Aukarannsókn 2011 um erfðir félagslegrar mismununar milli kynslóða	481/2010	CR
Evrópska lífskjararannsóknin. Aukarannsókn 2012 um húsnæði	1157/2010	CR
Vinnumarkaðsrannsókn. Aukarannsókn um öryrkja á vinnumarkaði 2011	317/2010	CR
Vinnumarkaðsrannsókn. Aukarannsóknir á dagskrá árin 2013–2015	220/2010	CR
Hagtölur um búferlaflutninga milli landa, landvistarleyfi o.fl.	351/2010	CR
Hagtölur um búferlaflutninga milli landa og niðurstöður sem skila skal Eurostat	216/2010	CR
Manntal. Um frágang gagna og gagnalýsingar sem fylgja niðurstöðum	519/2010	CR
Manntal. Um gerð gæðaskýrslna og niðurstaðna sem skilað er	1151/2010	CR
<b>Umhverfismál</b>		
Hagtölur um orkumál. Um framleiðslu kjarnorku	844/2010	CR
Hagtölur um úrgang. Útfærsla á grunnreglugerð ESB/221/2009	849/2010	CR

„Gerðir“ er samheiti yfir tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir og tilmæli og aðrar reglur frá Evrópusambandinu

CR = Reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins  
 CD = Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins  
 PCR = Reglugerð þings/ráðs Evrópusambandsins

# Skipurit

## Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu

HAGSTOFA Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg mál-efni. Hagstofan skiptist í þrjú svið, efnahagssvið, félagsmálasvið og þjónustu- og þróunarsvið, auk yfirstjórnar.

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri. Rekstur og fjármál heyra beint undir hann ásamt starfsmannahaldi og fræðslumálum. Þá heyrir rannsóknadeild undir hann en hún var stofnuð 2009.

### EFNAHAGSSVIÐ

Á efnahagssviði starfar framleiðslu- og fyrirtækjadeild að hagskýrslugerð um fyrirtæki, afla, iðnaðarframleiðslu, ferðamannaíðnað, notkun upplýsingatækni og fleira. Utanríkisverslunardeild starfar að söfnun og úrvinnslu gagna um þjónustuviðskipti og vöruviðskipti Íslendinga við útlönd og gefur út vöruskiptajöfnuð og þjónustujöfnuð við útlönd. Vísitöludeild vinnur vísitölu neysluverðs, vísitölu byggingarkostnaðar, vísitölu framleiðsluverðs og skyldar verðvísitölur. Þá sér deildin um alþjóðlegan verðsamanburð (PPP) og frágang og útgáfu á niðurstöðum úr útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Deild um þjóðhagsreikninga vinnur að framleiðslu- og ráðstöfunaruppgjöri þjóðhagsreikninga, gerð ársfórðungsreikninga og tekjuathugunum. Deild um opinber fjármál vinnur að gerð hagskýrslugerð um búskap hins opinbera og tekjuskiptingu. Rósmundur Guðnason er skrifstofustjóri efnahagssviðs.


### FÉLAGSMÁLASVIÐ

Á félagsmálasviði starfar atvinnu- og félagsmáladeild að hagskýrslugerð um vinnumarkað, lífskjör og félagsmál, heilbrigðismál, stöðu kynja, dómsmál og umhverfismál. Launa- og kjaramáladeild annast söfnun og úrvinnslu gagna um kaup og kjör og launakostnað. Mannfjölda- og manntalsdeild annast skýrslugerð um mannföldann og breytingar hans. Mennta- og menningarmáladeild safnar og vinnur úr gögnum um nemendur og skólamál, menningarmál og fjölmiðla. Magnús S. Magnússon er skrifstofustjóri félagsmálasviðs og er hann jafnframt staðgengill hagstofustjóra.

### ÞJÓNUSTU- OG ÞRÓUNARSVIÐ

Þjónustu- og þróunarsvið fæst við ýmis verkefni sem tengjast allri starfsemi Hagstofunnar. Tvær deildir heyra undir sviðið. Upplýsingatækni og miðlun annast útgáfumál, upplýsingagjöf, miðlun og birtingar á vef, svo og vefi Hagstofunnar og fer jafnframt með allt er snertir tölvukerfi og hugbúnað Hagstofunnar. Rannsóknir og gagnasöfnun vinnur, eins og nafnið bendir til, að framkvæmd rannsókna og annarri gagnasöfnun. Innan sviðsins er enn fremur unnið að ýmsum þróunarmálum sem varða meðal annars hugbúnað, staðla, flokkunarkerfi og gæðamál. Hrafnhildur Arnkelsdóttir er skrifstofustjóri þjónustu- og þróunarsviðs.

Hagstofustjóri, skrifstofustjórar og fjármálastjóri mynda yfirstjórn Hagstofunnar. ■





## Hagtiðindi

Árið 2010 var 95. árgangur HAGTÍÐINDA. Frá árinu 2004 hefur ritröðin komið út í 15 ólíkum efnisflokkum auk Hagvísu. Að meðaltali kemur út eitt hefti í viku hverri allt árið um kring. Gefin voru út 77 hefti 2010 (sjá hér að neðan). Heftin eru öll gefin út rafrænt á vef Hagstofunnar endurgjalds-laust en þau má einnig kaupa á pappír við vægu gjaldi. Notendum er boðið að kaupa áskrift að Hagtiðindum og má ganga frá kaupnum á vefnum.

### MANNFJÖLDI

#### Spá um mannfjölda 2010–2060

24 bls.  
Útgefið 13. júlí 2010  
Umsjón: Ómar Harðarson, Brynjólfur Sigurjónsson  
Mannfjöldi 2010:3  
Hagtiðindi 95. árg. 48. tbl.

#### Mannfjöldi 1. janúar 2010

20 bls.  
Útgefið 16. mars 2010  
Umsjón: Ómar Harðarson, Brynjólfur Sigurjónsson, Guðjón Hauksson  
Mannfjöldi 2010:2  
Hagtiðindi 95. árg. 22. tbl.

#### Látnir með lögheimili erlendis 1999–2008

16 bls.  
Útgefið 26. janúar 2010  
Umsjón: Þórunn Guðmundsdóttir, Lilja Sigrún Jónsdóttir  
Mannfjöldi 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 5. tbl.

### LAUN, TEKJUR OG VINNUMARKAÐUR

#### Vinnumarkaður á 4. ársfjórðungi 2009

8 bls.  
Útgefið 13. janúar 2010  
Umsjón: Lárus Blöndal, Ólafur Már Sigurðsson  
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 3. tbl.

#### Evropskur samanburður á launum árið 2006

24 bls.  
Útgefið 1. febrúar 2010  
Umsjón: Margrét Vala Gylfadóttir  
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2010:2  
Hagtiðindi 95. árg. 6. tbl.

#### Launamunur kynjanna á almennum vinnumarkaði 2000–2007

16 bls.  
Útgefið 18. febrúar 2010  
Umsjón: Margrét Kristín Indriðadóttir, Eyjólfur Sigurðsson  
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2010:3  
Hagtiðindi 95. árg. 10. tbl.

#### Lágtækjumörk og tekjudreifing 2004–2009

24 bls.  
Útgefið 15. mars 2010  
Umsjón: Steinn Kári Steinsson, Lárus Blöndal  
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2010:4  
Hagtiðindi 95. árg. 21. tbl.

#### Vísitala launa 2009

12 bls.  
Útgefið 18. mars 2010  
Umsjón: Ragnheiður Valgarðsdóttir  
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2010:5  
Hagtiðindi 95. árg. 23. tbl.

#### Laun á almennum vinnumarkaði 2009

44 bls.  
Útgefið 25. mars 2010  
Umsjón: Margrét Vala Gylfadóttir  
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2010:6  
Hagtiðindi 95. árg. 25. tbl.

#### Vinnumarkaður á 1. ársfjórðungi 2010

8 bls.  
Útgefið 21. apríl 2010  
Umsjón: Ólafur Már Sigurðsson, Lárus Blöndal  
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2010:7  
Hagtiðindi 95. árg. 30. tbl.

#### Vinnumarkaður 1991–2009

20 bls.  
Útgefið 4. maí 2010  
Umsjón: Ólafur Már Sigurðsson, Lárus Blöndal  
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2010:8  
Hagtiðindi 95. árg. 31. tbl.

#### Fjárhagsstaða heimilanna 2004–2009

20 bls.  
Útgefið 21. maí 2010  
Umsjón: Steinn Kári Steinsson, Lárus Blöndal  
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2010:9  
Hagtiðindi 95. árg. 39. tbl.

#### Vinnumarkaður á 2. ársfjórðungi 2010

12 bls.  
Útgefið 21. júlí 2010  
Umsjón: Ólafur Már Sigurðsson, Lárus Blöndal  
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2010:10  
Hagtiðindi 95. árg. 49. tbl.

#### Vinnumarkaður á 3. ársfjórðungi 2010

12 bls.  
Útgefið 26. október 2010  
Umsjón: Ólafur Már Sigurðsson, Lárus Blöndal  
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2010:11  
Hagtiðindi 95. árg. 64. tbl.

### SJÁVARÚTVEGUR

#### Fiskiskipastóllinn í árslok 2009

16 bls.  
Útgefið 1. mars 2010  
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson  
Sjávarútvegur 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 12. tbl.

#### Hagur fiskveiða og fiskvinnslu 2008

12 bls.  
Útgefið 22. mars 2010  
Umsjón: Gyða Þórðardóttir  
Sjávarútvegur 2010:2  
Hagtiðindi 95. árg. 24. tbl.

#### Útflutningur og útflutningsframléiðsla sjávarafurða 2009

24 bls.  
Útgefið 7. maí 2010  
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson  
Sjávarútvegur 2010:3  
Hagtiðindi 95. árg. 34. tbl.

#### Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2009

52 bls.  
Útgefið 19. ágúst 2010  
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson  
Sjávarútvegur 2010:4  
Hagtiðindi 95. árg. 52. tbl.

#### Innflutt hráefni til fiskvinnslu 2009

16 bls.  
Útgefið 6. september 2010  
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson  
Sjávarútvegur 2010:5  
Hagtiðindi 95. árg. 56. tbl.

#### Afli erlendra ríkja við Ísland 2009 og heimsaffinn 2008

16 bls.  
Útgefið 21. desember 2010  
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson  
Sjávarútvegur 2010:6  
Hagtiðindi 95. árg. 77. tbl.

### IÐNAÐUR

#### Verðmæti seldra framléiðsluvara 2009

8 bls.  
Útgefið 1. júlí 2010  
Umsjón: Stefán Sigurðsson  
Iðnaður 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 45. tbl.

### FERÐAMÁL OG SAMGÖNGUR

#### Gistiskýrslur 2009

36 bls.  
Útgefið 12. mars 2010  
Umsjón: Hildur Kristjánsdóttir  
Ferðamál og samgöngur 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 20. tbl.

#### Ferðþjónustureikningar 2000–2008

32 bls.  
Útgefið 30. nóvember 2010  
Umsjón: Vilborg H. Júlíusdóttir  
Ferðamál og samgöngur 2010:2  
Hagtiðindi 95. árg. 71. tbl.

### UPPLÝSINGATÆKNI

#### Notkun heimila og einstaklinga á tölvum og neti 2010

24 bls.  
Útgefið 15. september 2010  
Umsjón: Árni Fannar Sigurðsson  
Upplýsingatækni 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 60. tbl.

#### Tæknibúnaður, netnotkun og rafræn viðskipti fyrirtækja 2010

8 bls.  
Útgefið 26. nóvember 2010  
Umsjón: Árni Fannar Sigurðsson  
Upplýsingatækni 2010:2  
Hagtiðindi 95. árg. 70. tbl.

### VERÐLAG OG NEYSLA

#### Vísitala byggingarkostnaðar á nýjum grunni

16 bls.  
Útgefið 8. febrúar 2010  
Umsjón: Heiðrún Guðmundsdóttir, Stefán Logi Sigurbórsson  
Verðlag og neysla 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 9. tbl.

#### Vísitala neysliverðs apríl 2009–2010

20 bls.  
Útgefið 12. maí 2010  
Umsjón: Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir, Lára Guðlaug Jónasdóttir  
Verðlag og neysla 2010:2  
Hagtiðindi 95. árg. 35. tbl.

#### Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2007–2009

44 bls.  
Útgefið 9. desember 2010  
Umsjón: Auður Ólína Svavarsdóttir, Finn- bogi Gunnarsson, Lára Guðlaug Jónasdóttir  
Verðlag og neysla 2010:3  
Hagtiðindi 95. árg. 74. tbl.

### UTANRÍKISVERSLUN

#### Utanríkisverslun með vörur 2009

28 bls.  
Útgefið 31. mars 2010  
Umsjón: Auður Ólína Svavarsdóttir  
Utanríkisverslun 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 26. tbl.

### HEILBRIGÐIS-, FÉLAGS- OG DÓMSMÁL

#### Félagsþjónusta sveitarfélaga 2007–2009

12 bls.  
Útgefið 12. maí 2010  
Umsjón: Kristinn Karlsson  
Heilbrigðis-, félags- og dómsmál 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 36. tbl.



## Landshagir 2010

Árbók Hagstofunnar, LANDSHAGIR, kom út í 20. sinn árið 2010. Að þessu sinni var bókin gefin út á fyrsta alþjóðadegi hagskýrslugerðar 20. október. LANDSHAGIR eru lykiltrir fyrir opinbera hagskýrslugerð á Íslandi og gefa viðamiknið yfirlit yfir flesta þætti íslensks samfélags. Ritid er 468 blaðsíður og skipt-ist í 23 kafla og í því eru yfir 300 töflur og 50 gröf og skýringarmyndir. Bókin er bæði á íslensku og ensku. Kaupa má ritið á vef Hagstofu Íslands.

### ÞJÓÐHAGSREIKNINGAR

#### Opinber útgjöld eftir málaflökkum 1998–2008

48 bls.  
Útgefið 23. febrúar 2010  
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson  
Þjóðhagsreikningar 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 11. tbl.

#### Landsframleiðslan 2009

16 bls.  
Útgefið 5. mars 2010  
Umsjón: Stefán Þór Jansen  
Þjóðhagsreikningar 2010:2  
Hagtiðindi 95. árg. 14. tbl.

#### Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2009

12 bls.  
Útgefið 5. mars 2010  
Umsjón: Stefán Þór Jansen  
Þjóðhagsreikningar 2010:3  
Hagtiðindi 95. árg. 15. tbl.

#### Fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2009

16 bls.  
Útgefið 8. mars 2010  
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson  
Þjóðhagsreikningar 2010:4  
Hagtiðindi 95. árg. 16. tbl.

#### Fjármál hins opinbera 2009, bráðabirgðauppgjör

44 bls.  
Útgefið 8. mars 2010  
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson  
Þjóðhagsreikningar 2010:5  
Hagtiðindi 95. árg. 17. tbl.

#### Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi 2010

12 bls.  
Útgefið 8. júní 2010  
Umsjón: Stefán Þór Jansen  
Þjóðhagsreikningar 2010:6  
Hagtiðindi 95. árg. 42. tbl.

#### Fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2010

16 bls.  
Útgefið 9. júní 2010  
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson  
Þjóðhagsreikningar 2010:7  
Hagtiðindi 95. árg. 43. tbl.

#### Þjóðhagsspá 2010–2015

20 bls.  
Útgefið 15. júní 2010  
Umsjón: Björn Ragnar Björnsson, Eliisa Kaloinen, Marinó Melsted  
Þjóðhagsreikningar 2010:8  
Hagtiðindi 95. árg. 44. tbl.

#### Landsframleiðslan 2009 — endurskoðun

16 bls.  
Útgefið 3. september 2010  
Umsjón: Stefán Þór Jansen  
Þjóðhagsreikningar 2010:9  
Hagtiðindi 95. árg. 53. tbl.

#### Landsframleiðslan á 2. ársfjórðungi 2010

12 bls.  
Útgefið 3. september 2010  
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir  
Þjóðhagsreikningar 2010:10  
Hagtiðindi 95. árg. 54. tbl.

#### Fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2010

16 bls.  
Útgefið 6. september 2010  
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson  
Þjóðhagsreikningar 2010:11  
Hagtiðindi 95. árg. 55. tbl.

#### Fjármál hins opinbera 2009

44 bls.  
Útgefið 10. september 2010  
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson  
Þjóðhagsreikningar 2010:12  
Hagtiðindi 95. árg. 59. tbl.

#### Tekjur hins opinbera 1998–2009

48 bls.  
Útgefið 3. nóvember 2010  
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson  
Þjóðhagsreikningar 2010:13  
Hagtiðindi 95. árg. 65. tbl.

#### Þjóðhagsspá 2010–2015 — endurskoðun

20 bls.  
Útgefið 23. nóvember 2010  
Umsjón: Björn Ragnar Björnsson, Eliisa Kaloinen, Marinó Melsted  
Þjóðhagsreikningar 2010:14  
Hagtiðindi 95. árg. 69. tbl.

#### Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2010

12 bls.  
Útgefið 7. desember 2010  
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir  
Þjóðhagsreikningar 2010:15  
Hagtiðindi 95. árg. 72. tbl.

#### Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2010

16 bls.  
Útgefið 8. desember 2010  
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson  
Þjóðhagsreikningar 2010:16  
Hagtiðindi 95. árg. 73. tbl.

### SKÓLAMÁL

#### Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2009

28 bls.  
Útgefið 22. janúar 2010  
Umsjón: Konráð Ásgrímsson, Ásta M. Urbancic  
Skólamál 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 4. tbl.

#### Starfsfólk í leikskólum 2009

16 bls.  
Útgefið 19. maí 2010  
Umsjón: Haukur Pálsson, Ásta M. Urbancic  
Skólamál 2010:2  
Hagtiðindi 95. árg. 38. tbl.

### KOSNINGAR

#### Alþingiskosningar 25. apríl 2009

32 bls.  
Útgefið 3. mars 2010  
Umsjón: Sigríður Vilhjálmsdóttir  
Kosningar 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 13. tbl.

#### Þjóðaratkvæðagreiðsla 6. mars 2010

16 bls.  
Útgefið 18. maí 2010  
Umsjón: Sigríður Vilhjálmsdóttir  
Kosningar 2010:2  
Hagtiðindi 95. árg. 37. tbl.

#### Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010

48 bls.  
Útgefið 14. október 2010  
Umsjón: Sigríður Vilhjálmsdóttir  
Kosningar 2010:3  
Hagtiðindi 95. árg. 63. tbl.

### HAGVÍSAR

#### Hagvísar í janúar 2010

12 bls.  
Útgefið 8. janúar 2010  
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir  
Hagvísar 2010:1  
Hagtiðindi 95. árg. 1. tbl.

#### Hagvísar í febrúar 2010

12 bls.  
Útgefið 5. febrúar 2010  
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir  
Hagvísar 2010:2  
Hagtiðindi 95. árg. 7. tbl.

#### Hagvísar í mars 2010

12 bls.  
Útgefið 9. mars 2010  
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir  
Hagvísar 2010:3  
Hagtiðindi 95. árg. 18. tbl.

#### Hagvísar í apríl 2010

12 bls.  
Útgefið 9. apríl 2010  
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir  
Hagvísar 2010:4  
Hagtiðindi 95. árg. 28. tbl.

#### Hagvísar í maí 2010

12 bls.  
Útgefið 7. maí 2009  
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir  
Hagvísar 2010:5  
Hagtiðindi 95. árg. 32. tbl.

#### Hagvísar í júní 2010

12 bls.  
Útgefið 4. júní 2010  
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir  
Hagvísar 2010:6  
Hagtiðindi 95. árg. 40. tbl.

#### Hagvísar í júlí 2010

12 bls.  
Útgefið 7. júlí 2010  
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir  
Hagvísar 2010:7  
Hagtiðindi 95. árg. 46. tbl.

#### Hagvísar í ágúst 2010

12 bls.  
Útgefið 6. ágúst 2010  
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir  
Hagvísar 2010:8  
Hagtiðindi 95. árg. 50. tbl.

#### Hagvísar í september 2010

12 bls.  
Útgefið 7. september 2010  
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir  
Hagvísar 2010:9  
Hagtiðindi 95. árg. 57. tbl.

#### Hagvísar í október 2010

12 bls.  
Útgefið 7. október 2010  
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir  
Hagvísar 2010:10  
Hagtiðindi 95. árg. 61. tbl.

#### Hagvísar í nóvember 2010

12 bls.  
Útgefið 5. nóvember 2010  
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir  
Hagvísar 2010:11  
Hagtiðindi 95. árg. 66. tbl.

#### Hagvísar í desember 2010

12 bls.  
Útgefið 10. desember 2010  
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir  
Hagvísar 2010:12  
Hagtiðindi 95. árg. 75. tbl.

